

Anna LÍndal

30.09.–
30.12.2017

Lejóangur Expedition



Anna Líndal Leiðangur

Á þessari sýningu er sjónum beint að höfundarverki Önnu Líndal, sem á að baki tæplega þrjátíu ára myndlistarferil. Í verkum hennar má greina tvö meginviðfangsefni: annars vegar togstreituna á milli einkalífs og utanaðkomandi væntinga samfélagsins, og hins vegar löngun mannsins til að skilja og greina náttúruna í gegnum mælingar. Rætur Önnu liggja í textíl en hún hefur fengist við þessi viðfangsefni með fjölbreyttum hætti og notað til þess þá ólíku miðla sem myndlistarmenn hafa tileinkað sér.

Togstreituna á milli einkalífs og samfélagslegrar stöðu má einkum greina í verkum frá fyrri hluta ferilsins þegar Anna sem ung móðir afmarkaði efnisval við það sem var til staðar inni á heimilinu. Hún breytti þannig aðstæðum sem almennt var litið á sem heftandi í kjörlendi sköpunar. Í verkum eins og *Tilbrigði* og *Eldhúslíf* verða eldhúshöld að skúlptúrum, nálar og tvinnakefli eru efniviðurinn í stóru veggverki sem ber titilinn *Viðgerðamaðurinn*. *Viðgerðamaðurinn* er marglitt og viðkvæmt verk, sem jafnframt er kraftmikill lofsöngur um vinnu kvenna sem freista þess að sauma saman heiminn sem stöðugt er við það að liðast í sundur.

Árið 1997 urðu kaflaskil í list Önnu en þá tók hún í fyrsta sinn þátt í rannsóknarleiðangri á vegum Jökjarannsóknarfélags Íslands upp á Vatnajökul. Hún tók að skrásetja vinnu vísindamanna sem voru að kortleggja hin síkviku svæði jökulsins. Upp frá þessu hafa verk hennar einkennst af því að rannsaka þrá mannsins til að skilja og skilgreina náttúruna með mælingum. Hún byggir verkin að miklu

leyti á eigin reynslu af því að dvelja í náttúrunni og taka þátt í rannsóknarleiðöngrum vísindamanna. Á sama tíma og hún aðstoðar við rannsóknir safnar hún efni og þróar hugmyndir þar sem renna saman vísindi og listræn sköpun. Á sýningunni er nýtt verk sem ber titil sýningarinnar, *Leiðangur*. Í því tengist saman áhugi Önnu frá upphafi ferilsins á kynbundnum vinnuaðferðum og síðari tíma áhugi á mælingum náttúrunnar, dvölinni í náttúrunni og tengslum vísinda og lista. Hér mætast ólíkir þræðir hugmynda og úrvinnslu í heild sem endurspeglar styrk Önnu sem listamanns og rýnis sem greinir knýjandi spurningar samtímans út frá eigin tilvist.

Anna Líndal (f. 1957) lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1986 og hélt síðan utan til framhaldsnáms bæði í Þýskalandi og Bretlandi þar sem hún lauk meistara-gráðu við Slade listaháskólann í London árið 1990. Veturinn 2011–12 stundaði hún nám í listrannsóknum við Sint Lucas listaháskólann í Antwerpen í Belgíu. Verk hennar hafa verið sýnd á öllum helstu sýningarstöðum hér á landi en einnig alþjóðlega, meðal annars bæði á tvíæringunum í Ístanbúl og Kwangju í S-Kóreu. Verk eftir Önnu eru í eigu helstu safna héraendis.

Vegleg sýningarskrá, með greinum og viðtali við listakonuna, kom út í tilefni sýningarinnar. Sýningarstjóri er Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Anna Línadal Expedition

The exhibition focuses on the works of Anna Línadal who has a career as an artist of almost thirty years. Línadal's work has two main themes; on one hand the conflict between private life and the expectations of society, and on the other the human desire to understand nature and analyse it through measuring it. Her roots are in textile work, but in her art she has used most of the variable mediums used by contemporary artists.

The conflict between private life and social standing is most visible in Línadal's early works when she as a young mother limited her resources to materials she could find in the home, thereby changing a situation generally thought of as restricting, into a habitat of creation. In works like *Variations* and *Kitchen Life* household items become sculptures and spools of thread and needles are the material in the installation work *The Mender*. The installation is a multi-colored, delicate yet powerful paean to the work of women as they stitch together a world that is constantly about to fall apart.

In 1997 Línadal began accompanying scientists out onto the Vatnajökull Glacier. She began to document the work by scientists charting the mysterious, ever changing glacial landscape. In later years Línadal has dealt with man's desire to understand nature in works which she largely bases on her own experience of dwelling outside in nature and participating in scientific expeditions. She assists scientists and simultaneously collects material and develops ideas where science and artistic creation merge. The exhibition

holds a new artwork, titled *Expedition*. It connects Línadal's early interest in gender based work methods to her later interest in the measuring of nature, staying in nature, and the relationship between science and art. Different ideas and processing meet in a whole which reflects Línadal's strength as an artist and critic who analyses the pressing questions of our time based on her own existence.

Anna Línadal (b. 1957) graduated from The Icelandic College of Art and Crafts in 1986 and studied in Germany and Britain, where she finished her Master's degree at Slade School of Fine Art in London in 1990. In 2011–12 she undertook research-based studies at Sint Lucas School of Art in Antwerp, Belgium. Her work has been on show in all major exhibition venues in Iceland as well as internationally, including in the international biennials in Istanbul and Kwangju in S-Korea. Línadal's work is a part of all major collections in Iceland.

This mid-career retrospective is accompanied by a catalogue containing articles on the prevalent themes in Línadal's art and an interview with the artist. The exhibition is curated by Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Director of the Reykjavik Art Museum

Sunnudag 8. október kl. 14.00
Leiðsögn með listamanni og sýningarstjóra
Sunday, October 8th at 14:00
Gallery Talk with the artist and curator

Sunnudag 29. október kl. 14.00
Leiðsögn með sýningarstjóra og Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur
Sunday, October 29th at 14:00
Gallery Talk with the curator and Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

Sunnudag 12. nóvember kl. 14.00
Leiðsögn með listamanninum og Bjarka Bragasyni
Sunday, November 12th at 14:00
Gallery Talk with the artist and Bjarki Bragason

Sunnudag 19. nóvember kl. 14.00
Leiðsögn með sýningarstjóra og Guðrúnu Erlu Geirsdóttir
Sunday, November 19th at 14:00
Gallery Talk with the curator and Guðrún Erla Geirsdóttir

Viðburðir á dagskrá eru á íslensku nema annað sé tekið fram
Programme events take place in Icelandic unless otherwise noted

Nánari upplýsingar:
<http://listasafnreykjavikur.is/vidburdir>
Further programme: <http://artmuseum.is/events>

Önnur dagskrá tengd sýningunni er aðgengileg á heimasíðu safnsins
Programme on the museum's website

Vegleg sýningarskrá, á íslensku og ensku, sem veitir innsýn í listheim Önnu Líndal fæst í safnverslun.
A comprehensive catalogue in English and Icelandic is available in the museum shop.